

263. fundur þann 10. maí 2007

**263. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps haldinn
fimmtudaginn 10. maí 2007 kl. 15:00.**

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5 a, Reykhólum.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún 2 blaðsíður að stærð.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Egill Sigurgeirsson, Sigurbjörg Daníelsdóttir, Rebekka Eiríksdóttir, Karl Kristjánsson og Óskar Steingrímsson sem ritar fundargerð.

Gústaf Jökull bauð menn velkomna og setti fundinn.

Dagskrá:

Fundargerðir:

1. Fundargerð 262. fundar hreppsnefndar 17. apríl 2007. Samþykkt.
2. Fundargerð skipulags- og bygginganefndar 7. maí 2007. Samþykkt

Til afgreiðslu:

1. Bréf frá lögreglustjóranum á Vestfjörðum dags. 20. apríl 2007 um lögreglusamþykktir á Vestfjörðum. Semja þarf lögreglusamþykkt fyrir Reykhólahrepp og einnig reglur um:
 - a) Hundhald
 - b) Kattahald
 - c) Búfjárhald í þéttbýli.Ákveðið að þiggja boð lögreglustjóra Vestfjarða um endurskoðun á lögreglusamþykkt fyrir Reykhólahrepp, einnig við að semja reglur um hund-, katta- og búfjárhald í þéttbýli.
2. Bréf frá Stekkjarlundi ehf. dags. 2. maí 2007 með beiðni um vínveitingaleyfi til ársins 2010 fyrir Hótel Bjarkalund, ábyrgðarmaður leyfis yrði: Árni Arnar Sigurpálsson. Samþykkt.
3. Skýrsla nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Sveitarstjórn Reykhólahrepps hefur kynnt sér innihald skýrslunnar og harnar að engin af þeim sjö áhersluatriðum sem hún lagði til skyldi ná inn í skýrsluna og hvergi minnst á Reykhólahrepp í þeim 37 tillögum sem skýrslan kynnir. Sveitarstjórn Reykhólahrepps sér að tillögur nr. 8, 9 og 10 eru vel til þess fallnar að styrkja atvinnulíf í Reykhólahreppi. Sigurbjörgu, Rebekku, Gústafi Jökli og sveitarstóra falið að vinna í málinu.
4. Bréf dags. 2.maí 2007 frá Erlu Þórdísi Reynisdóttur þar sem hún óskar eftir lausn frá setu sem varamaður í brunamála- og almannavarnarnefnd. Samþykkt að veita Erlu lausn og Málfríður Vilbergsdóttir tilnefnd í hennar stað.

Mál til kynningar:

1. Bréf frá Félagsmálaráðuneytinu dags. 18. apríl 2007 um ráðgjöf vegna blindra og sjónskertra barna. Kynnt.

2. Bréf frá Guðjóni D. Gunnarssyni dags. 6. maí 2007 um að mögulegar rannsóknir á matvælagarð úr sjávarjurtum fari fram á Reykhólum. Kynnt og sveitarstjóra falið að skoða málið.

Önnur mál.

1. Bréf frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga dags. 16. apríl 2007 varðandi verkefni um byggingu olíuhreinsistöðvar á Vestfjörðum. Lagt fram til kynningar.
2. Bréf frá Helga Birgssyni hrl. dags. 24. apríl 2007 varðandi Bjarg í Flatey. Helga Birgissyni verði falið að leita eignardóms.
3. Bréf frá Ólafi Gíslasyni dags. 1. maí 2007 varðandi Bjarg (Jakobshús) í Flatey. Að svo stöddu hafnar sveitarstjórn að gera lóðaleigusamning um lóðina.
4. Tölvupóstur frá kvikmyndafélaginu Heiðinni ehf með ósk um afnot af skólahúsnæði. Sveitarstjóra falið að sjá um samninga.
5. Tillaga frá Agli Sigurgeirssyni vegna kaupa á Suðurbraut 5. Tillagan kynnt. Sveitarstjóra og Karli falið að vinna málið áfram.
6. Bréf dags. 7. maí 2007 frá Siglingastofnun með tilkynningu um styrkveitingu úr Hafnarbótasjóði. Lagt fram til kynningar.
7. Kjörskrá vegna alþingiskosninganna 12. maí 2007. Yfirfarin og samþykkt.
8. Verðtilboð í Hólatröð 1-3 frá Þrjú ehf. Karli og sveitarstjóra falið að vinna áfram í málinu.
9. Munnleg tillaga frá Sólrúnu um sameiginlegan hreinsunardag í sveitarfélaginu fyrir 17. júní með einhverri uppákomu í lokin. Ákveðið að hrinda þessu í framkvæmd þann 9. júní n.k. Sveitarfélagið býður upp á grill og gos í Hvanngarðabrekku að verki loknu fyrir þáttakendur í áttakinu.

Trúnaðarmál.

Eitt trúnaðarmál liggur fyrir fundi. Erindið tekið fyrir og fært í trúnaðarmálabók hreppsnefndar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 19:44.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Karl Kristjánsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Sigurbjörg Daníelsdóttir (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)